

Íslenskur iðnaður

01. tölublað 19. árg.

Janúar 2013

Samtök iðnaðarins | SI



Marorka hlaut frumkvöðla- verðlaun Viðskiptablaðsins 2012

Dr. Jón Ágúst Þorsteinsson, stofnandi og forstjóri Marorku tók við Frumkvöðlaverðlaunum Viðskiptablaðsins við hátíðlega athöfn á Hótel Sögu.

Marorka er öflugt hugbúnaðarfyrirtæki og helstu verkefni félagsins miða að því að þróa búnað sem ætlað er að draga úr eldsneytikostnaði skipaflotans. Þessi þróun er rétt að byrja en Marorka er nú þegar leiðandi á sínu sviði í heiminum með áherslu á orkunýtingu í skipaiðnaði.

Meðal viðskiptavina Marorku eru Eimskip, Samskip, fjölmörg sjávarútvegsfyrirtæki, danska skipafélagið Mærsk, kínverska félagið Cosco Group og fleiri.

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group hlaut Viðskiptaverðlaun Viðskiptablaðsins.

Jón Ágúst Þorsteinsson hættir sem forstjóri

Jón Ágúst Þorsteinsson, stofnandi Marorku og forstjóri frá upphafi, hefur tekið við stjórnarformennsku af Þórði Magnús-

syni. Þórður situr áfram í stjórn félagsins sem er að öðru leyti óbreytt.

Jón Ágúst lætur á sama tíma af störfum sem forstjóri félagsins en dr. Bjarki A. Brynjarsson, sem starfað hefur með félaginu undanfarna mánuði, mun gegna starfi forstjóra þar til nýr verður ráðinn. Jón Ágúst mun leiða áframhaldandi uppbyggingu félagsins og enn frekari sókn inn á erlenda markaði.

Ný lagfærð byggingareglugerðin

Um áramót tóku gildi allmargar breytingar á nýju byggingareglugerðinni. Allt frá því að reglugerðin leit dagsins ljós í febrúar hafa Samtök iðnaðarins ásamt aðildarfélögum og fleiri hagsmunaaðilum unnið að því að kynna reglugerðina, greina breytingarnar og meta vægi þeirra á byggingarkostnað. Þessari umfangmiklu vinnu lauk skömmu fyrir jól, þegar ráðherra gaf út mildandi breytingar. SI hafa tekið saman yfirlit yfir þær helstu.

Búið er að skipa vinnuhóp til að fara yfir reglugerðina í heild sinni. Endanleg byggingareglugerð á að liggja fyrir 15. apríl þegar bráðabirgðaákvæðið fellur úr gildi. SI á fulltrúa í vinnuhópnum.

SI mun koma á framfæri nauðsyn þess að viðhalda fjölbreytni og sveigjanleika í hönnun eða gerð mannvirkja. Þá munu Samtökin leggja áherslu á að öll mannvirki þurfi ekki að uppfylla algilda hönnun. Mikilvægt sé að hugsa til allra hópa, t.d. fyrstu íbúðakaupenda og að halda framleiðslukostnaði í lágmarki.

Ef félagsmenn hafa ábendingar til vinnuhópsins um frekari breytingar eru þeir beðnir um að koma þeim til tengiliða sinna innan SI sem fyrst. Sjá nánar á www.si.is.

Iðnþing

Iðnþing SI verður haldið á Hilton Reykjavík Nordica fimmtudaginn 14. mars kl. 13.00. Þingið er öllum opið og aðgangur ókeypis.

Aðalfundur

Aðalfundur Samtakanna fer fram að morgni 14. mars á Hilton Reykjavík Nordica kl. 11.00. Að loknum aðalfundi er félagsmönnum boðið til hádegisverðar.

Framboð til stjórnar

Svana Helen Björnsdóttir, forstjóri Stika gefur kost á sér til endurkjörs sem formaður. Andri Þór Guðmundsson, Ölgerð Egils Skallagrímssonar, Kolbeinn Kolbeinsson, Ístaki og Guðrún Hafsteinsdóttir, Kjörís gefa kost á sér til endurkjörs. Halldór Einarsson, Henson hefur tilkynnt að hann gefi kost á sér til setu í stjórn.

Minnum á að framboðsfrestur rennur út 14. febrúar.

bls. 2



Íslenskur iðnaður - uppspretta hagvaxtar

bls. 3



Iðnþing 2013

bls. 4 - 5



Hvað segja félagsmenn SI!

bls. 6



Sorpa braut samkeppnislög

bls. 8



Styrkir til fyrirtækja

Íslenskur iðnaður - uppspretta hagvaxtar

Árið 2013 er runnið upp. Ár sem margir binda miklar vonir við. Munu lífskjör fólks loksins fara batnandi? Leiða kosningar í vor til þess að takist að mynda sterka og einhuga ríkisstjórn sem er fær um að bæta skilyrði atvinnulífsins og þar með auka hagvöxt og bæta lífskjör?

Þegar stórt er spurt verður oft fátt um svör. Þannig hefur það verið frá hrúni 2008; fátt um svör við mikilvægum og brennandi spurningum.

Forsenda hagvaxtar

Til að unnt sé að ná fram nauðsynlegum efnahags- og lífskjarabata þurfa forsendur batans að liggja ljósar fyrir. Hver er hin eiginlega forsenda hagvaxtar hér á landi? Það er að sjálfsögðu íslenskur iðnaður með allri sinni fjölbreyttu verðmætasköpun, nýsköpun, útflutningi og gjaldeyrisöflun. Ekkert skiptir meira máli og því leika fyrirtæki landsins og samtök þeirra, samtök iðnaðarins, lykilhlutverk í efnahagsbata þjóðarinnar.

Í framtíðarsýn SI árið 2013 skipta þrjú atriði mestu máli:

- Verðmætasköpun iðnaðarins, tekjuöflun og sköpun vel launaðra starfa til langframa. Íslenskur iðnaður byggir á styrk og sérstöðu á fjölbreyttum sviðum.
- Aðlaðandi Ísland fyrir fólk og fyrirtæki. Íslenskur iðnaður byggir á sjálfbærri nýtingu auðlinda.
- Jákvæður viðskiptajöfnuður á grunni öflugs útflutnings, þekkingar og sjálfbærni. Íslenskur iðnaður er samkeppnishæfur á alþjóðlegan mælikvarða.

Nauðsynlegar forsendur eru margvíslegar, en hér er látið nægja að benda á þær mikilvægustu:

- Fyrirmyndarstarfsumhverfi innan fyrirtækja og stoðkerfi iðnaðar og nýsköpunar sem byggir á grunni skilvirkni, fagmennsku og gagnsæi.
- Nægt framboð af hæfu starfsfólki með nauðsynlega þekkingu; verkvit, hugvit og siðvit.
- Mikið og gott samstarf fyrirtækja, menntastofnana og rannsóknastofnana. Menntakerfið þarf að slá taktinn með atvinnulífinu allt frá grunnskólastigi.
- Markvisst markaðsstarf í takt við alþjóðlega markaðsþróun.
- Árangursrík nýsköpun, rannsóknir og þróunarstarf í fremstu röð.
- Fjármögnunarumhverfi í fremstu röð.

- Stöðugleiki í peninga- og gjaldeyris-málum.
- Skattaumhverfi sem er ekki síðra en í nágrannalöndunum.

Mikilvægi SI

Samtök iðnaðarins eru málsvari íslenskra fyrirtækja gagnvart stjórnvöldum og öðrum aðilum, bæði innlendum og erlendum. Þau eru einnig afar mikilvægur samstarfsvettvangur, bæði fyrirtækjanna innbyrðis en ekki síður í samskiptum fyrirtækjanna við stjórnvöld. Samtökin beita sér fyrir lagasetningu um málefni iðnaðarins og koma með ábendingar um það sem betur má fara við setningu laga og reglugerða. Þau halda uppi málefna-starfi innan faggreina og stuðla jafnframt að samstarfi fyrirtækja þvert á hefðbundnar faggreinar. Fræðslustarf, ráðstefnuhald og menntamál eru meðal þýðingarmestu verkefna sem starfsmenn SI vinna fyrir félagsmenn sína og aðildarfyrirtæki.

Fyrirtæki innan samtakanna skapa samtals um helming allra gjaldeyrisverðmæta þjóðarinnar og eru því burðarás hagkerfisins.

Samtök iðnaðarins geta verið farvegur fyrir þann mikla þekkingarauð sem býr með þjóð okkar; fyrir hagnýtingu hans og verðmætasköpun. Ég hvet stjórnendur og starfsmenn fyrirtækja í íslenskum iðnaði til nýsköpunar á öllum sviðum. Að víða sé leitað fanga, og í þeirri leit sé horft til þeirra mikilvægu gilda að nýjungar gagnist okkur í sókn eftir bættu mannlífi og sjálfbærri nýtingu auðlinda sem er undirstaðan að farsælu lífi í þessu landi til framtíðar.

Staðan í Evrópumálum

Í Evrópu hyllir nú undir að menn nái stjórn á þeim ógnum sem steðjuðu að á seinasta ári. Þrátt fyrir miklar hrakspár hefur evran staðist áraunina og er enn sterkur gjaldmiðill. Líklegt er að svo verði um langa framtíð. Sama verður því



Svana Helen Björnsdóttir
formaður SI

miður ekki sagt um íslensku krónuna sem sveiflast upp og niður og gerir stjórnendum íslenskra fyrirtækja sem og öllum almenningi erfitt fyrir. Umræðan um upptöku annars gjaldmiðils hefur hljóðnað, líklega vegna þess að mönnum er orðið ljóst að Íslendingar eiga ekki aðra raunhæfa kosti en evru, vilji þeir á annað borð skipta um gjaldmiðil. Aðgangur okkar að innri markaði Evrópu er okkur nauðsynlegur. Hann fékkst með EES-samningnum en sá samningur er nú mjög kominn til ára sinna. Samningurinn hefur tekið litlum breytingum og þróun hans og aðlögun til framtíðar er óviss.

Nú hefur ríkisstjórn Íslands tekið ákvörðun um að hægja á viðræðum við ESB, tilkynnt hefur verið að ekki verði opnaðir nýir kaflar fyrr en eftir kosningar og stjórnarskipti. Útaf fyrir sig er það fagnaðarefni að málinu sé stýrt út úr þrasarvegi nú í aðdraganda kosninga enda mikilvægt að málefnaþráttan fyrir kosningar snúist um atvinnuuppbyggingu, hvernig lækka megi skatta, auka fjárfestingar, minnka atvinnuleysi, efla hagvöxt og bæta hag fólks og fyrirtækja næstu mánuði og árin.

Til að unnt sé að halda viðræðum við ESB áfram þarf að tryggja pólitíska forystu fyrir málinu á Alþingi. Það gleymist stundum að það eru gildar ástæður fyrir því að stjórnvöld á Íslandi ákváðu að sækja um aðild að ESB. Meginástæðan er sú að það mun stuðla að efnahagslegum stöðugleika sem sárlega hefur skort hér á landi. Önnur mikilvæg ástæða er sú að við yrðum þá fullgildir þátttakendur í öllu samstarfi Evrópusambandsþjóða. Þriðja ástæðan er sú að þá myndi draga úr ókostum þess að reka fyrirtæki á Íslandi miðað við nálæg Evrópulönd. Mjög brýnt er að bæta samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja alþjóðlega. Til að atvinnulífið nái að blómstra þarf að tryggja langtímastöðugleika og treysta umgjörð efnahagslífsins sem best. Aðild Íslands að ESB er valkostur í því efni, en þó aðeins ef við sýnum úthald og ljúkum viðræðunum.

Það er mikilvægt að viðræðurnar verði til lykta leiddar. Ef í ljós kemur að fórnirnar sem færa þarf eru of miklar, t.d. í

sjávarútvegi, eru litlar líkur á að samningur við ESB verði nokkru sinni samþykktur af þjóðinni. Þess vegna þarf faglega umræðu til að greina kosti og galla samningsins og meta hvort vegi þyngra. Viðræðurnar við ESB eru mikilvægur hluti þeirrar umræðu. Að lokum tekur þjóðin ákvörðun í atkvæðagreiðslu og getur byggt afstöðu sína á þeim samningsdrögum sem þá liggja fyrir. Hér er um slíkt hagsmunamál fyrir þjóðina að ræða að ekki dugir að mynda sér afstöðu á tilfinningarótum, hér verður köld skynsemi að ráða för.

Friður á vinnumarkaði

Mikilvægt er að friður ríki á vinnumarkaði og stjórnvöld vinni með fyrirtækjunum, hafi samráð og taki þátt í virku samtali við fulltrúa atvinnulífsins um brýn hagsmunamál. Kjaradeildur hafa sett skugga á upphaf nýs árs og geta aukið hættu á enn meiri upplausn í samfélaginu. Nú virðast SA og ASÍ hafa náð samkomulagi sem felur í sér að gildistími nágildandi kjarasamninga verður stytur um tvo mánuði og mun samningurinn þá renna úr gildi í lok nóvember nk. Nágildandi samningur felur í sér hækkun launa frá 3,25 - 6,1% nú í febrúar.

Það er mjög ánægjulegt að tekist hafi að tryggja frið á vinnumarkaði. SA og ASÍ hafa náð saman um að hefja strax viðræður um næstu kjarasamninga og felur sú vinna m.a. í sér að aðilar móti sameiginlega atvinnustefnu til framtíðar. Samstaða er um að gera vinnubrögð við gerð kjarasamninga skilvirkari og nútímalegri. Þessar síðustu fréttir gefa tilefni til bjartsýni.

Megi Guð gefa að árið 2013 verði íslenskum iðnaði og fyrirtækjum landsins farsælt og heillaríkt.

Iðnþing



*haldið á Hilton Reykjavík Nordica
fimmtudaginn 14. mars kl. 13.00*

Dagskrá:

Ávarp - Svana Helen Björnsdóttir, formaður SI

Erindi

- **Brad Burnham**, *Managing Partner hjá Union Square Ventures í New York. Brad hefur fjárfest í fjölda tæknifyrirtækja og samfélagsmiðla, m.a. Twitter og Tumblr. Brad hefur hugmyndir um að Ísland geti orðið kjörlendi nýsköpunar af því tagi.*
- **Dr. Laurence C. Smith**, *prófessor í jarð- og geimvísindum við UCLA háskóla í Bandaríkjunum. Laurence hefur rannsakað og spáð fyrir um náttúrulega og efnahagslega framvindu á norðurlóð, þ.m.t. á Íslandi. Hann gaf út bókina The New North: The World in 2050.*

Orri Hauksson framkvæmdastjóri SI stýrir pallborði

- *Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins*
- *Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar*
- *Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins*
- *Formaður Samfylkingarinnar*

Þingið er öllum opið og aðgangur ókeypis

Skráning á www.si.is

Kosningar

Óskað eftir tilnefningum til stjórnar SI og fulltrúaráðs SA

Í tengslum við Iðnþing fer að venju fram kosning til stjórnar Samtaka iðnaðarins og valdir eru fulltrúar í fulltrúaráð Samtaka atvinnulífsins.

Formaður er kjörinn til árs í senn. Núverandi formaður, Svana Helen Björnsdóttir, gefur kost á sér til áframhaldandi formennsku.

Að þessu sinni ganga fjórir úr stjórn. Þrír þeirra gefa kost á sér en Tómas Már Sigurðsson er ekki lengur kjörgengur, skv. lögum SI.

Þeir sex sem næst eru því að ná kjöri í stjórn taka sæti í ráðgjafaráði SI.

Í fulltrúaráði SA eiga sæti 100 fulltrúar og þar hefur SI nú 29. Gera má ráð fyrir að fjöldi þeirra verði svipaður að þessu sinni.

Óskað er eftir tilnefningum til allra þessara trúnaðarstarfa og þurfa þær að hafa borist skrifstofu Samtaka iðnaðarins eigi síðar en 14. febrúar.

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
01. töl. 19. árg. Janúar 2013
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 25.01.2013

Prentvinnsla: Prenttækni ehf.

Plastpökkun: Bjarkarás

Ljósmyndir: Odd Stefán, forsiða, Haraldur

Guðjónsson Vb

Utgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,

105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101

Kennitala: 511093-2019

www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Orri Hauksson

Ritstjóri: Rákel Pálsdóttir

Prófarkalestur: Rákel Pálsdóttir

Umbrót: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Árshóf

Árshóf SI verður haldið daginn eftir Iðnþing, föstudaginn 15. mars á Grand Hótel Reykjavík og hefst kl. 19.30 með fordrykk. Miðaverði er eins og ávallt stillt í hóf og er kr. 7.800. Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna til Iðnþings og árshófs.

Guðrún Hafsteinsdóttir, Kjörís og Perla Björk Egilsdóttir, SagaMedica með myndarlegan herra á milli sín á Árshófi SI í fyrra





Hverjar eru horfur

Guðmundur Guðmundsson, ISS

„Að mörgu leiti horfum við hjá ISS bjartsýn til ársins 2013 með þá von að stöðugleiki aukist og að við sjáum vöxt í samfélaginu. Óvissuþættirnir fyrir okkur eru kjarasamningarnir í haust því við erum með mjög hátt launahlutfall, ég vil þó hrósa aðilum vinnumarkaðarins fyrir að landa samkomulagi nú í byrjun árs og veit að þeir munu semja af ábyrgð í haust.

Eins vona ég að á kosningarári sýni stjórnvöld ábyrgð bæði fyrir og eftir kosningarnar og gefi ekki út innstæðulítil loforð. Við Íslendingar eigum að hafa allt til að bera að vinna okkur út úr þessari lægð og ég veit að við munum gera það, en við mættum vinna betur saman og gera langtíma áætlanir, því þetta tekur tíma.“

Ágúst Pétursson, byggingarfyrirtækið Fagtak

„Janúarmánuður er ekki besti mánuður til að spyrja þessarar spurningar. Ástandið er svipað og í fyrra, mikil óvissa, ekkert hefur farið í gang af því sem búist var við. Ég bíð til vorsins og vona að eitthvað ræstist úr.

Almenningur hefur haldið byggingageiranum á floti með viðhaldsframkvæmdum, mér sýnist svo verða áfram. Átakið „Allir vinna“ hefur hjálpað til við þetta.“

Einar Beinteinsson, veggfóðrun og dúkalögn

„Verkefnastaðan hjá mér er býsna góð, mikið af smá- og meðalverkum framundan. Það er skortur af stórum útboðsverkum, þó gæti komið til þess að þegar þau fara í gang komi upp skortur á faglærðum starfsmönnum.

Benda má á að fækkað hafi í stéttinni, meðal annars vegna brottflutnings til útlanda, sem hefur skapað þolanlega verkefnastöðu þeirra sem eftir sitja. Þeir faglærðu iðnaðarmenn sem flutt hafa af landi brott koma ekki til baka fyrr en atvinnuástandið verður tryggt. Ég hef miklar áhyggjur af nýliðun í stéttina, ungdómurinn leitar ekki í iðnnám.“

Helgi Rafnsson, Rafholt

„Verkefnastaða fyrirtækisins er ágæt og útlit er fyrir að svo verði út þetta ár, þrátt fyrir að útboðsmarkaðurinn sé erfiður, þar sem lítið er í gangi og hart slegist. Það sem hjálpar mest til hjá okkur er, að fastir viðskiptavinir og samstarfsaðilar eru að framkvæma bæði í viðhaldi og nýlögnum.

Það sem ætti að valda okkur áhyggjum er, að ef bransinn fer virkilega í gang, sem hann hlýtur að gera fyrr en síðar, þá kemur okkur til með að vanta fagfólk. Við höfum þegar misst stóran hóp af rafvirkjum til Noregs og annar stór hópur er á flakki milli Íslands og Noregs, en menn endast ekki til lengdar í farandvinnu og hættan er að við töpum þeim hópi líka.“

Sigmar Guðbjörnsson Stjörnu-Oddi

„Félagið hefur bætt við sig starfsmönnum undanfarið og flutt í hentugra húsnæði. Núna er tími til að staldra aðeins við, setja fókus á reksturinn og vaxa útfrá honum. Óneitanlega hefur umhverfi landa sem við erum í viðskiptum við áhrif á sölur, víðar en á Íslandi eru þrengingar eins og í USA og Evrópu. Engu að síður þá ætlum við okkur stóra hluti í framtíðinni, vel vitandi að það þarf að hafa mikið fyrir hlutunum. Aukin skattheimta dregur úr möguleikum fyrirtækja á að vaxa og dafna, lækkun skatta á fyrirtæki mun viðhalda og fjölga störfum.“

Gunnar Larsen, Kælismiðjan Frost

„Verkefnahorfur eru ágæt fram á mitt ár. Þá tekur óvissa við sem tengist m.a. því að útgerðir halda að sér höndum vegna þess að þær vilja sjá fram á hvernig framtíðarleiðreglur verða í sjávarútveginum. Á meðan það ástand varir má búast við að endurnýjun hjá þessum stóra viðskiptamannahópi okkar verði mun minni en annars væri. Það er alvarlegt fyrir okkur en vonandi fara þau mál að skýrast fljótlega. Hins vegar eru ágæt horfur með áframhaldandi verkefni erlendis en 40% af verkefnum okkar á síðustu árum hafa verið á þeim vettvangi. Þar eru vissulega miklir möguleikar sem við erum staðráðnir í að leggja enn frekari rækt við í framtíðinni.

Nú stendur kælitæknigreinin frammi fyrir alþjóðlegum kröfum sem fyrirtæki og starfsmenn þeirra þurfa að uppfylla til að mega sinna þjónustu á því sviði. Við höfum unnið með öðrum í greininni innan Málm- og véltækni sviðs IÐUNNAR að því að varða þá leið og halda síðan námskeið fyrir okkar fagmenn til að tryggja að þeir uppfylli umræddar kröfur. Svo má geta þess að Verkmenntaskólinn hér á Akureyri stendur sig vel í því að kenna og mennta unga fólk með sem ætlar að vinna í framtíðinni að þessari alþjóðlegu tæknigreini.“

Haukur Valdimarsson, Carat

„Horfurnar í gullsmíðinni eru svipaðar í ár og í fyrra. Aukinn fjöldi ferðamanna gæti þó haft jákvæð áhrif á greinina. Mikilvægt er að stjórnvöld í landinu grípi til aðgerða til að stuðla að meiri atvinnusköpun og leiðrétta þarf skuldastöðu heimilanna, ekki síst verðtryggðu lánin. Fólk hefur minna í höndunum til að spila úr og sala á dýrum skartgripum hefur þ.a.l. dregist saman.“

Vilborg Einarsdóttir, Mentor

„Það eru gríðarlega spennandi tækifæri framundan hjá okkur í Mentor líkt og hjá öðrum fyrirtækjum sem selja hugbúnað á erlendum mörkuðum. Gjaldeyrishöftin eru samt mikil ógnun við fyrirtæki sem hyggst taka inn erlenda fjárfesta.“



Furnar í þinni grein ?

Ragnheiður H. Magnúsdóttir, Hugsmiðjan

„Helstu áskoranirnar í geiranum tengjast ráðningum eins og verið hefur. Margir í hugbúnaðargeiranum þurfa að ráða forritara sem ekki finnast á hverju strái. En það er þó jákvætt að sjá hversu mikill áhugi var á upplýsingatækninámi sl. haust. Vonandi nær geirinn að halda áfram að lokka ungmenninginn í upplýsingatæknina árið 2013 og næstu ár. Svo er spennandi að sjá hvort að upplýsingatæknifyrirtækin ætli sér að prófa að vinna í klösum gagnvart erlendum markaði.“

Horfurnar hjá Hugsmiðjunni fyrir árið 2013 eru nokkuð góðar. Fyrir okkur er árið 2013 ár snjallvefsvæðingar, þ.e. við teljum að flestir okkar viðskiptavinir vilji gera vefinn sinn þægilegan í notkun fyrir þá sem eru að skoða þá í símtækjunum og spjaldtölvunum sínum. Fyrirtækin eru að hætta að hugsa um farsímanotendur sem annars flokks viðskiptavinir og vilja að fólk geti nálgast allar upplýsingar þó þeir séu að skoða vefinn af litlum skjá. Það er fullt af spennandi verkefnum framundan og við lítum björtum augum á árið sem er framundan.“

Bjarni Thoroddsen, Stálsmiðjan, Framtak

„Verkefnastaðan í dag í okkar fyrirtækjum er góð en þar ber hæst tvö mjög stór verkefni sem tengjast virkjunargerð og svo endurnýjun í álveri. Útgerðir hafa undanfarið haldið að sér höndum og verkefni fyrir þá tengjast fyrst og fremst nauðsynlegasta viðhaldi til að geta haldið skipum sínum úti. Stærri verkefni við endurnýjun skipa hafa verið lítil hjá okkur undanfarið en hins vegar hafa verkefni í landi verið næg.“

Almennt var verkefnastaðan í málm- og véltæknigreininni góð á síðasta ári bæði í viðhaldi og nýsmíði af ýmsu tagi enda þótt afkoma einstakra fyrirtækja sé eflaust misjöfn eins og gengur. Helsta vandamál iðngreinarinnar er skortur á málmíðnaðarmönnum og er nú unnið á vegum samtaka okkar, Starfsgreinaráðs og tiltekinna skóla að því að leita nýrra leiða til að auka streymi í iðnnámið.“

Þórhallur Tryggvason, Orkuvirki

„Okkar starfsemi er mjög sérhæfð og tengd orkuiðnaðinum. Verkefni fyrir álverin hafa verið uppistaðan undanfarin misseri en nú er þeim að ljúka.“

Við sjáum fram á umtalsverðan samdrátt á þessu ári en höfum meiri áhyggjur af 2014. Það eru engin orkuverkefni í farvatninu og lítur út fyrir að þá verði ekkert að gerast í okkar bransa. Það er gríðarlega mikilvægt að eitthvað fari af stað í erlendum fjárfestingum, það besta í stöðunni í dag væri að fá Helgúvík í gang.

Hólmgeir Karlsson, Bústólpi

„Horfur í fóðuriðnaði í heild hér á landi eru mjög háðar ytri þáttum og er stærsti óvissuþátturinn þróun gengis sem lítið virðist vera hægt að lesa í þessa dagana. Heimsmarkaðsverð á korni er einnig mjög ráðandi um kostnað við framleiðsluna hér þar sem mjög stór hluti hráefnanna er innflutt korn. Staða bænda og verðlagning á þeirra afurðum er einnig afgerandi þáttur fyrir fóðuriðnaðinn.“

Nokkuð hallar á bændur hér að afurðaverð fylgi þeim hækkunum sem orðið hafa á öllum þeirra aðföngum, þrátt fyrir að matvælavæðing í nágrannalöndum hafi víða verið leiðrétt í meira mæli. Það hefur lengi verið þekkt staðreynd að matvælavæðing og þá sérstaklega verð á landbúnaðarafurðum í Evrópu hefur verið of lágt í langan tíma. Aukin eftirspurn eftir matvælum og sú staðreynd að matvælaframleiðsla þurfi að auka umtalsvert á næstu árum til að brauðfæða heiminn eru þó farin að hafa áhrif á. Ein ógn á þessum markaði er þó ennþá sú að mikið af landbúnaðarlandi er tekið til ræktunar á plöntum sem nýttar eru til eldsneytisframleiðslu, nokkuð sem þrýstir á hærna kornverð og um leið dýrari fóður- og matvælavinnslu.“

Þrátt fyrir þetta teljum við horfurnar hjá Bústólpa nokkuð góðar. Við höfum á síðustu árum verið að styrkja okkar stöðu á markaði ekki síst þar sem við höfum getað aukið gæði og lækkað kostnað með aukinni tækni í vinnslunni. Þá höfum við einnig tekið á lakkandi framlegð í sjálfri framleiðslunni vegna örra aðfangahækkana með því að leita inná nýjar brautir til vaxtar. Frekari þjónusta við bændur vegur þar þyngst. Þannig hefur okkur tekist að vaxa umtalsvert á þessum árum frá því bankahrunið skall á sem hefur haft mikla þýðingu fyrir stöðu nú og sýn á þetta nýbyrjaða ár.“

Eyjólfur Eyjólfsson, Axis húsgögn

„Hjá okkur í húsgagna- og innréttingaframleiðslu hefur ástandið verið merkilega þokkalegt. Fyrrihluti síðasta árs var ágætur en seinni hlutinn að sama skapi lélegur. Fyrirtækin hafa á liðnum árum að sjálfsögðu þurft að bregðast við miklum samdrætti, ekki síst vegna samdráttar í nýbyggingum. Nú í vetur merkjum við hinsvegar að líf er að færast í byggingastarfsemi og eykur það okkur bjartsýni.“

Okkar atvinnugrein reiðir sig líka á fjárfestingar hjá opinberum stofnunum og almennum fyrirtækjum. Hjá hinu opinbera er nánast ekkert fjárfest og lítil merki um viðsnúning, en fyrirtæki á almennum markaði eru hinsvegar farin að hugsa sér til hreyfings. Mitt mat er að við séum hægt og bítandi að vinna okkur út úr kreppunni og séum að færast í skaplegra ástand þótt markaðurinn sé enn mjög brothættur. Mjór er vonandi mikils vísir.“



Sorpa braut samkeppnislög

Samkeppniseftirlitið hefur lagt 45 milljón króna sekt á Sorpu fyrir brot á samkeppnislögum. Telur eftirlitið að Sorpa hafi brotið gegn samkeppnislögum með því að misnota markaðsráðandi stöðu sína á markaði fyrir flokkun og

meðhöndlun úrgangs. Í niðurstöðunni sem birt var skömmu fyrir jól kemur fram að þetta hafi Sorpa gert með því að veita eigendum sínum, þ.e. sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, hærrí afslætti en öðrum viðskiptavinum, s.s. sorphirðu-fyrirtækjum, jafnvel þótt fyrirtækin kæmu með meira magn af sorpi en sveitarfélögin í móttökustöð Sorpu í Gufunesi.

Er það mat Samkeppniseftirlitsins að þessir mismunandi afslættir hafi haft skaðleg áhrif á samkeppni sem birtust m.a. í útboði Hafnarfjarðarbæjar á sorphirðu árið 2009 og einnig í samningi sem Sorpa gerði við Sorpstöð Suðurlands.

Í málinu hefur Sorpa réttlætt aukna afslætti til sveitarfélaga á höfuðborgar-

svæðinu á þeim grundvelli að um væri að ræða arðgreiðslur til eigenda. Því til stuðnings hefur Sorpa vísað m.a. til ákvæða laga sem fyrirtækið starfar eftir, annars vegar laga um meðhöndlun úrgangs og hins vegar sveitastjórnarlaga. Samkeppniseftirlitið fellst ekki á rök Sorpu enda ekkert í þessum lögum sem heimilar þeim arðgreiðslur í því formi sem um ræðir. Að mati eftirlitsins er Sorpa fyrirtæki sem stundar atvinnurekstur í skilningi samkeppnislaga og er í samkeppni á mörgum sviðum við einkafyrirtæki eins og t.d. sorphirðufyrirtæki. Af þessu leiðir að Sorpa verður að gæta að því að háttsemi byggðarsamlagsins hafi ekki skaðleg áhrif á þeim sviðum sem það starfar í samkeppni við önnur fyrirtæki.

Samtök iðnaðarins telja að ákvörðunin undirstriki að fyrirtæki í eigu opinberra aðila sem starfa á samkeppnismörkuðum lúta sömu lögmálum og önnur fyrirtæki. Samkeppniseftirlitið bendir á í ákvörðun sinni að þegar markaðsráðandi fyrirtæki grípa til aðgerða sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni stuðla þær ekki að bættum almannahagsmunum heldur þvert á móti skaða þær hagsmuni neytenda og þjóðfélagsins alls. Samkeppniseftirlitið fellst ekki á það sjónarmið Sorpu að umræddir afslættir eða arðgreiðslur byggðasamlagsins sé unnt að réttlæta á grundvelli almannahagsmuna eða neytendaverndar.



Naust Marine hlýtur D-vottun

Naust Marine hefur staðist úttekt á fyrsta þrepi áfangaskiptrar gæðavottunar SI og hlotið D-vottun. D-vottun er fyrsti hluti gæðavottunarkerfis SI sem tekið er upp í fjórum áföngum. Með gæðavottunarkerfinu er stefnt að því að gera rekstur fyrirtækja skilvirkari. Í því fer fyrirtækið í gegn um stefnumótun þar sem afkoma hvers verks eða vöru er skilgreind með það að markmiði að auka framleiðni og hagnað fyrirtækisins. Naust Marine var stofnað árið 1993, upp úr fyrirtækinu Rafboða. Fyrirtækið er leiðandi í þróun og framleiðslu stjórnþúnaðar í fiskiskip. Það hefur sérhæft sig í stjórnun rafknúinna togvinda og er nú einn helsti framleiðandi stýriþúnaðar fyrir rafknúna togvindur í heiminum. Helsta framleiðsluvara fyrirtækisins til þessa er sjálfvirka togvindustjórnkerfið ATW CatchControl en það er nú í notkun í hátt í 100 togurum sem gerðir eru út um allan heim. Einnig framleiðir Naust Marine AUTO GEN kerfi sem stjórna álagi og samræma kraft rafala, rafdrifin vírastýri og sjálfvirk eftirlitskerfi fyrir iðnað.

Kjarnafæði hlýtur A – vottun

Kjarnafæði hefur náð þeim einstaka árangri að standast úttekt á öllum fjórum þrepum gæðavottunar SI á einu ári og hljóta D, C, B og A vottun.

A-vottun gæðastjórnunar SI er staðfesting á því að fyrirtækið sé með skilgreinda og skjalfesta vinnu og verkferla sem byggja á viðurkenndum aðferðum við rekstur og stjórnun. Þetta er fyrsta fyrirtækið sem lýkur ferlinu en um er að ræða lokahluta vottunarferlis sem tekin er í fjórum áföngum.

Í gæðavottuninni felst staðfesting á að rekstur fyrirtækis er markviss og skilvirkur. Fyrirtækið fer árlega í gegnum stefnumótun og markmiðasetningu sem leiðir til að allir starfsmenn róa í sömu átt til betri árangurs, aukinnar framleiðni og meiri hagnaðar. Mikið öryggi felst í því fyrir viðskiptavinum að vita að fyrirtæki sé vel rekið. Fyrirtæki sem ná A-vottun eiga mjög skammt í að fullnægja hinum alþjóðlega gæðastaðli ISO-9000:2000.





Klafi hlýtur C-vottun

Klafi ehf. hefur hlotið C-vottun SI sem staðfestir að reksturinn er í góðum höndum, studdur með öflugu verkþókhaldi, góðri skipulagningu og með mikla sérstöðu varðandi áherslur í öryggis- og heilbrigðismálum.

Klafi er stofnaður af Íslenska járnblendifélaginu og Norðuráli árið 2000 og vinna þrettán starfsmenn við almennan rekstur sem fer fram á hafnarsvæði Grundartangahafnar. Helstu verkefni Klafa eru, upp- og útskipanir fyrir Elkem Ísland og Norðurál, gámaflutningar á hafnarsvæði Grundartangahafnar og ýmis véla- og flutningavinna á Grundartangasvæðinu.



Iðnaðarmenn duglegir í símenntun

Iðan býður marga möguleika fyrir starfsfólk í iðnaði sem vill sinna símenntun sinni og viðhalda þekkingu. „Við færum iðnaðinn inn í framtíðina með áhuga-verðum námskeiðum. Við bjóðum gott úrval námskeiða fyrir iðnaðarmenn í hársnyrtigreinum, bygginga-, bíla- og málmíðnaðargreinum auk námskeiða fyrir upplýsinga- og fjölmiðlagreinar og matvælagreinar.

Við erum með fullkomna kennslu-aðstöðu og getum boðið nýjustu tæki og tól, hugbúnað og fyrsta flokks aðstöðu.“ segir Björn M. Sigurjónsson, markaðsstjóri Iðunnar. „Fagfólk í íslenskum iðnaði er duglegt að sækja sér símenntun og aðsókn að námskeiðum okkar hefur verið sívaxandi frá stofnun fyrir 5 árum. Námsvísir IÐUNNAR er nýkominn út og er honum dreift í um 18.000 eintökum. Hægt er að skrá sig á námskeið á www.idan.is.

Samantekt yfir nýsamþykkt lög og breytingar á lögum

Samtök iðnaðarins hafa tekið saman yfirlit yfir nýsamþykkt lög og breytingar á lögum sem samtökin hafa látið sig varða. Lögin voru samþykkt á Alþingi skömmu fyrir jól.

1. Lög um opinberan stuðning við vísindarannsóknir (sameining og skipulag sjóða, markáætlun o.fl.)

Markmiðið með lögnum er að efla vísindarannsóknir og vísindamenntun á Íslandi og veita markáætlun á sviði vísinda og tækni lagastoð. Meðal helstu breytinga og nýjunga er að Rannsóknasjóður og Rannsóknarnámssjóður eru sameinaðir. Heiti Tækjasjóðs er breytt í Innviðasjóð, hlutverk hans útvíkkað og fagráði Innviðasjóðs komið á fót. Formaður vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs verði ekki jafnframt formaður stjórn Rannsóknasjóðs

2. Lög um breytingu á lögum nr. 70/2012, um loftlagsmál (skráningakerfi losunarheimilda)

Með lögnum er verið að setja lagastoð fyrir innleiðingu á hluta ákvæða reglugerðar ESB um viðskiptakerfi með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda. Útfærð er lagastoð fyrir innleiðingu reglna EES-samningsins um uppboð losunarheimilda frá og með árinu 2012 og ákvæði sem geta falið í sér íþyngjandi ákvarðanir varðandi reikninga í skráningarkerfi losunarheimilda. Auk þess eru gerðar minni háttar breytingar.

Breytingar á ýmsum gjöldum og sköttum

Samtök iðnaðarins hafa tekið saman meðfylgjandi yfirlit yfir helstu breytingar á sköttum og gjöldum sem tóku gildi um áramótin og hafa áhrif á félagsmenn. Ekki er um endanlega upptalningu að ræða og er þeim sem vilja kynna sér málið frekar bent á vefi alþingis og ríkisskattstjóra.

Tryggingagjald lækkar úr 7,79% í 7,69%

Persónuafsláttur verður kr. 48.485 á mánuði. Skattleysismörk eru því kr. 129.917.

Tekjuskattur einstaklinga verður sem hér segir:

1. þrep: laun kr. 0-241.475 staðgreiðsluprósentu 37,32%
2. þrep: laun kr. 241.476 – 739.509 staðgreiðsluprósentu 40,22%
3. þrep: laun yfir kr. 739.509 staðgreiðsluprósentu 46,22%

Úttekt séreignarsparnaðar

Framlengd er heimild einstaklinga til að taka út séreignarsparnað á tímabilinu 01.01.2012 til 31.12.2103. Heimilt er að taka út allt að kr. 6.250.000 á 15 mánaða tímabili.

Útvarpsgjald hækkar úr 18.800 í 19.700

Endurgreiðsla vsk. af vinnu á byggingastað

Framlengd er heimild til að endurgreiða allan virðisaukaskatt af vinnu manna á byggingarstað til **31.12.2013**

Ýmiss gjöld hækka um 4,6% þó ekki olúggjald, þungaskattur og bifreiðagjöld.

Lög um breytingu á **lögum um vörugjald**, nr. 97/1987, og **tollalögum**, nr. 88/2005, með síðari breytingum voru samþykkt á síðasta degi þingsins fyrir jól. Nýju lögin eru á slóðinni www.althingi.is/altext/141/s/0872. Lögin taka gildi 1. Mars og fela í sér að vörugjald er lagt á allar vörur, sem innihalda sykurlaugar eða sætuefni, í hlutfalli við sykurlaugar eða sætuefnainnihaldið. Innheimta á vörugjaldi flyst frá Ríkisskattstjóra til Tollstjóraembættisins.

Lög nr. 160/2012 um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og tollalögum (úthlutun tollkvóta og fódursjóður) tóku gildi 3. janúar 2013. Allar nánari upplýsingar á www.tollur.is.



Hvað er að fréttá?

Samtök iðnaðarins leggja metnað í að birta fréttir af fyrirtækjum innan sinna raða í Íslenskum iðnaði og á vefsetri Samtakanna www.si.is Hvetjum félagsmenn til að benda okkur á efni eða senda okkur fréttir á netfangið rakel@si.is

Markaðsleyfi fyrir sæfiefni

Vænta má mikilla breytinga á sölu og framleiðslu sæfiefna á næstu árum og tímabært er fyrir fyrirtæki að hefja undirbúning fyrir nýjar reglur um markaðsleyfi. Því er spáð að fjöldi aðila muni hætta að versla með vörur sem falla undir sæfiefnalöggjöf vegna þess hve umfangsmiklar og kostnaðarsamar leyfisveitingar eru. Framleiðendur og innflytjendur sæfivara þurfa að gera upp við sig hvort þeir ætla að taka þennan slag og vera áfram á markaði. Þetta kom fram hjá Ian Pepper á kynningarfundum um nýja löggjöf um sæfiefni, sem haldinn var á vegum SI, SVÞ og Umhverfisstofnunar. Ian Pepper starfar sem ráðgjafi og hefur margra ára reynslu af störfum á sviði varnar- og sæfiefna hjá alþjóðlegum fyrirtækjum.

Sæfiefni (biocides) eru sóttthreinsiefni, viðarvarnarefni, rotvarnarefni, útrýmingarefni og gróðurhindrandi efni. Óheimilt verður að markaðssetja án leyfis ýmis algeng sóttthreinsandi efni, t.d. til nota í matvælaframleiðslu, iðnaði og innan heilbrigðisgeirans. Sama gildir um viðarvarnarefni og rotvarnarefni sem tryggja geymsluþol efna, annarra en matvæla. Nú þegar þarf leyfi fyrir sum sæfiefni, svo sem skordýraeyða og nagdýraeytur, en auknar kröfur verða varðandi upplýsingagjöf.

Tímabært leyfisferli

Huga þarf að því að markaðsleyfi þarf fyrir allar vörur sem innhalda sæfiefni, svo það er ekki nægilegt að leyfi sé fyrir

virka efninu. Sækja þarf um leyfi í hverju landi fyrir sig á evrópska efnahagssvæðinu og sér Umhverfisstofnun um leyfisveitingar hérlendis. Markaðsleyfi eru veitt fyrir vörur eftir að virku efnin hafa verið áhættumetin og þau komin á svokallaðan jákvæðan lista sem birtur er í reglugerðum. Ian Pepper lagði áherslu á að íslensk fyrirtæki kanni hvort framleiðendur sæfiefna sem þeir versla með ætli að skrá virku efnin því búast má við að einhver efni fari af markaði. Gera þarf samkomulag við framleiðendur um aðgang að gögnum sem nauðsynleg eru vegna umsókna um leyfi hérlendis.

Einföldun á löggjöf væntanleg

Ian Pepper benti á að strangar reglur um markaðsleyfi hafi gengið ágætlega fyrir skordýraeytur og efni til að nota í garðyrkju enda vöruúrval takmarkað og framleiðendur gjarnan alþjóðleg stórfyrirtæki. Annað gildi um sóttthreinsiefni og viðarvarnarefni sem eru víða framleidd af litlum fyrirtækjum sem vinna á nærmarkaði og þau geta síður ráðið við tæknilegar prófanir og kostnað sem fylgir svo umfangsmikilli leyfisveitingu. Fjöldi vara hleypur á hundruðum þúsunda og markaðurinn stendur ekki undir því að skrá þær allar. Fyrirtæki þurfi að veita og meta kosti og galla þess að vera leyfshafi sæfivara. Nýlegum breytingum á löggjöfinni er ætlað að koma til móts við lítil fyrirtæki og væntingar standa til að það auðveldi þeim ferlið.



Fjárfesting til framtíðar

Margrét Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri og einn eigenda Prenttækni ehf. hefur trú á framtíð prentiðnaðarins á Íslandi.

Prenttækni ehf. er 45 ára gamalt fjölskyldufyrirtæki stofnað af Gunnari Magga Árnasyni og hefur verið í eigu fjölskyldunnar sl. 43 ár. Fyrirtækið flutti í eigið húsnæði við Vesturvör 11, Kópavogi árið 2001 og þar starfa nú 8 manns allt saman mjög hæft starfsfólk með langa reynslu úr prentiðnaði.

Prenttækni tók eftir áramót í notkun 4 lita Heidelberg 74 PM prentvél með viðsnúningi og að sögn Margrétar er það merki um trú fyrirtækisins á íslenskum prentiðnaði og þeim tækifærum sem felast þar. „Með þessari vél getum við prentað bækur, tímarit, bæklinga og í raun flest annað, stór sem lítil upplög. Þjónustan er hraðari og gæðin þau bestu sem völ er á,“ segir Margrét.

Styrkir og fjármögnun til fyrirtækja

NOPEF og Átak til atvinnusköpunar

NOPEF

Nopef hefur að markmiði að styrkja alþjóðlega samkeppnishæfni lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Norðurlöndum og efla norrænt samstarf. Nopef er stofnun sem heyrir undir Norrænu ráðherranefndina, býður vaxtalaus skilyrt lán og styrki til undirbúningsrannsókna þegar fyrirtæki hyggjast hasla sér völl erlendis og til beinna fjárfestinga í löndum fyrir utan ESB- og EFTA-svæðið. Verkefni eru þegar hafin í Rússlandi, Kína, Indlandi, Tælandi, Víetnam, Brasilíu, Bandaríkjunum og víðar. Nopef styður fyrst og fremst verkefni sem efla grænan hagvöxt, nýsköpun og sjálfbæra þróun. Verkefnisumsókn skal falla undir a.m.k. eitt af forgangssviðum Nopef sem eru:

- Grænn hagvöxtur, umhverfistækni og endurnýjanleg orka
- Nýsköpun, tækni og norrænar framtíðargreinar
- Heilsa og velferð

Lítill og meðalstór fyrirtæki með færri en 250 starfsmenn og minni veltu en 50 milljón evrur geta sótt um fjármögnun. Nopef styrkir starfandi fyrirtæki með traustan fjárhag sem geta sýnt fram á að þau ráði við verkefnið.

Umsóknarfrestir eru 7/2, 4/5, 24/8 og 12/11. Nánari upplýsingar eru á vefsíðu www.nopef.com

Átak til atvinnusköpunar

Átak til atvinnusköpunar er styrkátun atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins fyrir nýsköpunarverkefni og markaðs-

aðgerðir starfandi frumkvöðla- og nýsköpunarfyrirtækja. Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur umsjón með umsóknarferlinu fyrir hönd atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Markmið verkefnisins er að styðja við þróun nýsköpunarhugmynda á fyrri stigum sem hlotið gætu frekari fjármögnun sjóða og fjárfesta. Auk þess að styðja við undirbúning og framkvæmd markaðsaðgerða í frumkvöðla og sprotafyrirtækjum. Styrkir geta að hámarki numið 50% af heildarkostnaði verkefnisins.

Opnað verður fyrir umsóknir 1. febrúar 2013. Umsóknarfrestur verður til kl. 12 að hádegi 28. febrúar. Sótt er um á vefsíðu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands www.nmi.is.